

**Fundargerð 5. fundar  
Framkvæmda- og skipulagsráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
20. nóvember 2018 , kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Reynir Þór Ragnarsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Davíð Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

**Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**1. Skagabraut 43-45 - ósk um breytingu á deiliskipulagi - 1811048**

Hermann Jónsson óskar eftir að skipulagi á parhúsalóðinni Skagabraut 43-45 verði breytt þannig að heimilt verði að byggja þar hús á einni hæð í stað tveggja. Einnig óskar málsaðili eftir að fá lóðinni úthlutað verði slíkt heimilað.

*Samþykkt að heimila ósk um breytingu og úthluta lóðinni til umsækjanda.*

**2. Land undir jarðgerð - 1811038**

Íslenska gámafélagið óskar eftir afnot af landi undir jarðgerð skv. meðfylgjandi erindi.

*Ráðið felur umhverfisfulltrúa að afla gagna af reynslu annarra sveitarfélaga af sambærilegri jarðgerð.*

**3. Hafnargata 4a - umsókn um byggingarleyfi - Íbúðarherbergi fyrir starfsmenn og upp færð brunahönnun húss - 1810126**

Eigandi Hafnargötu 4a óskar eftir að fá að breyta hluta af efri hæð í íbúðarherbergi fyrir starfsmenn.

*Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða byggingarleyfi vegna framkvæmdanna.*

**4. Dynhóll 3 - umsókn um byggingarleyfi - 1810127**

Lóðarhafi sækir um byggingarleyfi vegna byggingar einbýlishúss.

*Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða byggingarleyfi vegna framkvæmdanna.*

**5. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Skagagarðurinn - 1810120**

Kynning á umsókn um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til framkvæmda við að gera Skagagarðinn að nýjum ferðamannastað og með áhugaverðri gönguleið meðfram Skagagarði milli Útskála og Kirkjubóls.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Garður & Sandgerði - Eignir sveitarfélagsins - 1811009**

Eignayfirlit sveitarfélagsins lagt fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

5. fundur Framkvæmda- og skipulagsráðs  
05.12.2018

Fundi slitið kl. 17:15.

---

Einar Jón Pálsson

---

Reynir Þór Ragnarsson

---

Kristinn Halldórsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Davíð Ásgeirsson

---

Jón Sigurðsson

---

---